

Starfsáætlun Drekaheima

skólaárið 2023-2024



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hagnýtar upplýsingar.....	3
Umsókn um frístund.....	3
Opnunartímar.....	3
Gjaldskrá og innheimta.....	4
Starfið í vetur.....	5
Dagskipulag.....	6
Lýsing á samstarfi við íþrótt- og tómstundarstarf.....	7
Skólabragur/reglur.....	9
Barnaráð.....	10
Foreldrasamstarf.....	10
Öryggi og verkferlar.....	11
Hressing.....	14
Innra mat.....	15
Umbótaáætlun.....	15
Símenntunaráætlun.....	15
Starfsmenn Drekaheima.....	16
Frístundadagatal.....	17

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er gerð grein fyrir starfsemi Drekaheima, frístundaheimilis Smáraskóla, í Kópavogi. Hlutverk Drekaheima er að bjóða upp á innihaldsríkt frístundastarf fyrir börn í 1.-4. bekk skólans. Frístundaheimili eru hluti af starfi grunnskólanna og starfa á grundvelli 33. greinar grunnskólalaga (91/2008). Í daglegu starfi frístundaheimila er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám með virkri þátttöku í frístundastarfi í öruggu umhverfi. Börnin fá tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á að flétta grunnþætti menntunar, sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, inn í daglegt starf. Öll börn, óháð getu, þroska eða fötlun skulu eiga kost á að taka þátt í því starfi sem þar fer fram á sínum forsendum. Skipulag frístundar miðast við aldur og þroska barna frá 1.–4. bekk og skulu skólar gera ráðstafanir til að hvetja alla árganga til þátttöku. Samvinna frístundastarfs við íþrótt- og tómstundafélög og leikskóla miðar að því að gera vinnudag barnanna heildstæðan. Starfsfólk frístundaheimila skal koma fram við börnin af virðingu og hlýju. Skólastjórar eru yfirmenn frístundastarfs í skólunum og bera ábyrgð á faglegu starfi og að framkvæmd þess sé í samræmi við stefnu bæjarins í málaflokknum. Skólastjóri sér um að ráða forstöðumann sem ber ábyrgð á að skipuleggja og stjórna daglegu starfi. Forstöðumaður getur óskað eftir ráðgjöf frá sérmenntuðum ráðgjafa á sviði tómstundamála. Árlega er birt starfsáætlun fyrir frístund og sér forstöðumaður um að skrifa og uppfæra starfsáætlunina fyrir frístundaheimilið árlega. Starfsáætlun er kynnt og samþykkt í skólaráði í byrjun skólaárs og skilað til skólanefndar fyrir 1. október ár hvert. Starfsáætlun birtist jafnframt á heimasíðu skólans og er upplýsinga- og kynningarit fyrir foreldra, starfsmenn og aðra þá er starfið varðar.

Hagnýtar Upplýsingar

Forstöðumaður: Áskell Dagur Arason

Aðstoðarforstöðumaður: Hafdís Líndal

Símanúmer Drekaheima: 825-5955

Netfang: drekaheimar@kopavogur.is

Facebook síða Drekaheima: <https://www.facebook.com/groups/1161789260517161>

Umsókn um frístund

Umsóknir um frístund fara fram í gegnum vala.is undir Vala frístund. Þegar barninu hefur verið boðin vistun sendir kerfið tölvupóst til foreldra/forráðamanna með vistunardagsetningu og þarf þá foreldri að samþykkja boðið. Þá geta foreldrar fyllt út tómstundir barna inn í umsókninni. Þegar umsókn er lokið, er hægt að skoða umsókn og breyta henni á umsóknarvefnum. Það þarf að sækja sérstaklega um afslátt fyrir öryrkja, einstæða foreldra og námsmenn inn á vala.is

Opnunartímar

Opnunartími Drekaheima er frá kl. 13:30 til kl. 17:00 alla virka daga.

Smáraskóli er með fimm skipulagsdaga á ári og er opið í Drekaheimum þrjá skipulagsdaga af fimm frá kl 8:00-17:00. Drekaheimar hafa tvo skipulagsdaga á ári og verða þeir 15. nóvember og 12. mars. Lokað er í Drekaheimum á skólaþingardegi, vetrarfríum og á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlársgangur

Opið er í Drekaheimum í páska- og jólafríi, en sérstök skráning fer fram fyrir þessa daga og greiða foreldrar fyrir þá sérstaklega, nánari upplýsingar er hægt að nálgast í gjaldskrá Kópavogsbæjar. Þessi opnun er auglýst sérstaklega og er ekki tekið á móti óskráðum börnum. Opnunartími í jóla- og páskaopnun er frá kl. 8:00 til 16:00. Börnin hafa með sér nesti fyrir morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu. Athugið að þátttaka í jóla- og páskaopnum miðast við ákveðin lágmarksfjöldu hvern dag. Náist ekki sá fjöldi verður börnum boðin dvöl í frístund í öðrum skóla. Ef til þess kemur verður það tilkynnt þegar skráning liggur fyrir. Þess verður jafnframt gætt að starfsmaður frá hverju frístundaheimili fylgi með börnunum svo að öll börn hafi starfsmann sem þau þekkja.

Veikindi og leyfi barna þarf að tilkynna til skólaritara eða í gegnum Mentor. Veikindi á að tilkynna um morguninn. Forföll eða breytingar frá degi til dags þarf að tilkynna í gegnum tölvupóst á drekaheimar@kopavogur.is fyrir kl 13:00 sama dag. Ekki þarf að láta vita ef barn er sótt fyrr.

Fjöldi barna sem skráð eru í vistun í Drekaheimum er 115 í september 2023

- 38 börn í 1. bekk
- 43 börn í 2. bekk
- 33 börn í 3. bekk
- 1 barn í 4. bekk

Gjaldskrá og innheimta

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir Drekaheima fer fram samkvæmt innheimtuleglum hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftir á.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtuleglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Hægt er að skoða gjaldskrána á eftirfarandi slóð: <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Starfið í vetur

Markmið Drekaheima er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf og koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum og að unnið sé út frá styrkleikum barnanna. Í Drekaheimum er leitast við að efla sjálfsmynd barna bæði í gegnum leik og starf og er starfið í sífelldri þróun. Leitast er við að efla hæfni barnanna og sjálfstæðar skoðanir þeirra og að þau fái tækifæri til að láta skoðun sína í ljós. Starfið í Drekaheimum byggist mikið á vali. Öll börn eru með valspjald sem er merkt með nafni og mynd. Með skipulagi valsins er lýðræði barnanna virt, þeim eru gefin tiltekin völd til að taka ákvarðanir og þeim er sýnd virðing af hálfu starfsmanna Drekaheima. Þannig er stuðlað að því að börnin upplifi að hinir fullorðnu virði þau sem einstaklinga, virði hæfni þeirra til þess að taka ákvarðanir og skoðanir þeirra. Meðal þess sem getur verið í vali er lego, litir, perlur, kaplakubbar, bílar, lest, loom-teygjur, stoppdans, dans, útivist og margt fleira. Einnig er boðið upp á kór 1 sinni í viku fyrir 2.-4. bekk undir handleiðslu Ástu Magnúsdóttir, tónmenntakennara. Börnum í Drekaheimum býðst að taka þátt í klúbbastarfi. Klúbbastarfið er þannig að börnin velja einn klúbb sem þau vilja taka þátt í og eru með því að skuldbinda sig í heilan mánuð í því klúbbastarfi. Eftir mánuðinn hristum við upp í klúbbunum og börnin velja sér nýjan klúbb. Hver klúbbur fer fram einu sinni til tvisvar í viku og er ávallt undir leiðsögn starfsmanns. Markmið klúbbastarfsins er að í lok hvers mánaðar sé hver og einn klúbbur búinn að skapa eitthvað sem þau geta sýnt öðrum nemendum og foreldrum. Klúbbarnir sem boðið er upp á eru tækni- og uppfinningaklúbbur, vísindaklúbbur, föndurklúbbur, myndlistarklúbbur, dansklúbbur, textíllúbbur, Pokémonklúbbur, grímugerðarklúbbur, fótboltaklúbbur, spurningakeppnisklúbbur, spilaklúbbur og myndasöguklúbbur.

Húsnæði Drekaheima er í húsum á skólalóð sem heita, Smárasel, Fífusel og Kópasel. 1. bekkur er með aðstöðu í Smáraseli, 2. bekkur í Fífuseli og 3. og 4. bekkur í Kópaseli. Á milli Smárasels og Fífusels er tengibygging kölluð Selið og er það notað fyrir klúbbastarf og skapandi starf, t.d myndlist, perlur, föndur og fleira.

Dagskipulag

Börnin koma í Drekaheima kl. 13:30 og eru þau skráð inn á mætingalista sem er á Völu skráningarforriti frístunda í Kópavogi. Eftir mætingaskráningu fá börnin síðdegishressingu og fara svo í val. Öll börn eiga valspjald sem er merkt með nafni og mynd. Hjá hverjum árgangi er valtafla og þar velja börnin sjálf hvað þau vilja gera. Það einfaldar bæði börnum og starfsmönnum að sjá hvar barnið er á hverjum tíma. Með fjölbreyttu starfi og möguleika á sjálfskráningu læra börnin að bera ábyrgð á vali sínu. Kerfið er krefjandi bæði fyrir starfsmenn og börn, starfsmenn þurfa að halda vel utan um valtofluna, minna börnin á að skrá sig rétt og hafa myndina sína á réttum stöðum. Mikilvægt er að börnin læri að nota tofluna rétt og virða mikilvægi hennar.

Hér fyrir neðan má dagskipulag fyrir 1. og 2. bekk

DAGSKRÁ DREKAHEIMA 2023-2024 1. - 2. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Fössari
13:30 - 14:00	Síðdegishressing Kór - 13:45-14:15 	Síðdegishressing	Síðdegishressing Dans 14:15-15:00 	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:00 - 14:20	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni
14:20 - 15:00	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist	Útivist
		Íþróttaklúbbur (2. bekkur)		Íþróttaklúbbur (1. bekkur)	
15:00 - 16:00	Val inni Mini Tennis 	Val inni	Val inni Hópastarf (2. bekkur)	Val inni Hópastarf (1. bekkur)	DVD 
16:00 - 17:00	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund

Dagskrá fyrir 3. og 4. bekk

DAGSKRÁ DREKAHEIMA 2023-2024 3. - 4. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Fössari
13:30 - 14:00	Síðdegishressing	Síðdegishressing Kór - 13:45-14:25	Síðdegishressing Dans 14:15-15:00	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:00 - 14:20	Val inni	Val inni	Val inni	Val inni	DVD
14:20 - 15:00	Útivist Barnalyðræði aðra hverja viku	Útivist Þeba til 15:30 (hópaskipt)	Útivist	Útivist Þeba til 15:30 (hópaskipt)	
15:00 - 16:00	Val inni	Val inni	Val inni Íþróttaklúbbur á gula velli	Val inni	Val inni
16:00 - 17:00	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund	Gæðastund

Samstarf við íþrótt- og tómstundastarf

Eitt af markmiðum frístundar í Kópavogi er að auka samstarf milli íþrótt- og tómstundafélaga og frístundar og er stefna Kópavogsbæjar að skapa heildstæðan skóladag fyrir börn í 1. – 4. bekk. Boðið er upp á frístundabíl þar sem rúta á vegum íþróttafélaganna kemur og sækir börnin og kemur þeim í tómstundir alla virka daga nema föstudaga. Mjög mikilvægt er að foreldrar fylli réttar upplýsingar inn í umsókn barns síns á vala.is, í hvaða lit á bíl og á hvaða tíma barnið eigi að fara á æfingar. Þar sem íþróttæfingar Breiðabliks eru að mestu í næsta húsi við okkur geta börnin gengið sjálf yfir í Fífuna og sér starfsfólk Drekaheima um að koma börnunum á æfingar þar á réttum tíma. Ekkert barn er sent á æfingar nema foreldri/forráðamaður hafi skráð það undir tómstundir inn í umsókn barns. Drekaheimar eru samstarfi við Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar og Tennishöllina í Kópavogi og bjóða þau upp á námskeið á meðan börnin eru í Drekaheimum.

Fristundavagnar Kópavogs

Blái bilinn		Græni bilinn		Rauði bilinn
Kársnesskóli 13:55	Fyrri ferð	Álfhólsskóli/Digranes 14:05	Fyrri ferð	Salaskóli 13:40
Kópavogsskóli 14:00		Fagrilundur/Snælandsskóli 14:10		Vatnsendaskóli 13:49
Lindaskóli 14:08		Smárin/Fífan 14:16		Kórinn 13:56
Smárin/Fífan 14:16		Smáaskóli 14:17		Hörðuvallaskóli 14:02
Smáaskóli 14:17		Arena - Smáratorgi 14:21		Salaskóli/Versalir 14:09
Salaskóli/Versalir 14:25		Salaskóli/Versalir 14:27		Lindaskóli 14:14
Kórinn 14:35		Hörðuvallaskóli 14:35		Arena - Smáratorgi 14:20
Vatnsendaskóli 14:40		Vatnsendaskóli 14:40		Smárin/Fífan 14:24
				Smáaskóli 14:25
				Fagrilundur/Snælandsskóli 14:33
				Digranes 14:36
Kársnesskóli 14:53	Seinni ferð	Álfhólss/Digranes 14:55	Seinni ferð	Vatnsendaskóli 14:50
Kópavogsskóli 14:58		Fagrilundur/Snælandsskóli 15:00		Kórinn 14:57
Lindaskóli 15:06		Smárin/Fífan 15:06		Hörðuvallaskóli 15:03
Smárin/Fífan 15:14		Smáaskóli 15:07		Salaskóli/Versalir 15:10
Smáaskóli 15:15		Arena - Smáratorgi 15:11		Lindaskóli 15:15
Salaskóli/Versalir 15:23		Salaskóli/Versalir 15:17		Arena - Smáratorgi 15:21
Kórinn 15:33		Hörðuvallaskóli 15:25		Smárin/Fífan 15:25
Vatnsendaskóli 15:38		Vatnsendaskóli 15:30		Smáaskóli 15:26
		Kórinn 15:37		Fagrilundur/Snælandsskóli 15:34
				Digranes 15:37
				Kópavogsskóli 15:41
				Kópavogslaug 15:47



Skólabragur/-reglur

Í Smáraskóla hefur starfsfólk skólans ákveðið að vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnunni eða Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga. Við teljum að til þess að geta sem best uppfyllt þá skyldu okkar að ala upp og mennta sjálfstæða einstaklinga með sterka og góða sjálfsmynd, þá þurfum við að vanda vel til allra samskipta og hafa samskiptareglur okkar skýrar og aðgengilegar en þær hanga uppi á veggjum Drekaheima. Sjá má skólareglur Smáraskóla á eftirfarandi slóð <http://www.smaraskoli.is/foreldrar/skolareglur/>

Samskiptareglur Drekaheima

Við:

1. Hlustum með athygli
2. Berum virðingu fyrir tilfinningum
3. Ræðum saman
4. Sýnum áhuga
5. Útskýrum
6. Brosum og sýnum hlýju



Drekaheimar eiga að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Því leitum við allra ráða til að fyrirbyggja einelti og annað ofbeldi. Við leggjum áherslu á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Allt starfsfólk Drekaheima tekur virkan þátt í baráttunni gegn einelti. Í daglegu starfi er ýtt undir jákvæð samskipti á milli barnanna og fylgst er með vinasamböndum og reynt að skoða allar hliðar málsins þegar upp kemur ágreiningur. Eftir bestu getu er reynt að koma í veg fyrir einelti með því að styðja við jákvætt samband á milli barnanna og stuðla að því öll börn eignist vini. Í Smáraskóla er starfandi eineltisráð. Eineltisráð er skipað aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar þebu, hjúkrunarfræðingi og námsráðgjafa. Foreldrum ber að ræða um líðan og samskipti við börnin og mikilvægt er að foreldrar hafi strax samband ef þeir hafa áhyggjur af líðan barnsins í skólanum eða frístundinni. Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi í því mikilvæga verkefni að sporna við einelti.

Mikilvægt er að börn læri að setja sig í spor annarra, sýni umburðarlyndi og beri virðingu fyrir öðrum og að skólinn og frístundin eigi gott samstarf við forráðamenn.

Hér að neðan má sjá tengil á viðbragðsáætlun Smáraskóla gegn einelti:

<https://www.smaraskoli.is/wp-content/uploads/sites/11/2020/05/Vidbragdsaaetlun-gegn-einelti-endurskodud-i-mai-2015-foreldrautgafa.docx-endur.pdf>

Barnaráð

Barnaráð byggir ráðið á 12. grein Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Í Drekaheimum leggjum við áherslu á að starfsemin taki ávallt mið af sjónarhorni barnanna með hagsmuni og vellíðan þeirra að leiðarljósi. Á barnaráðsfundum fá börnin tækifæri til að láta rödd sína heyrast og til þess að móta skipulag starfsins. Fyrsta verkefni ráðsins var að útbúa hugmyndakassa sem börnin hafa alltaf aðgang að. Í hann geta þau sett hugmyndir sínar sem síðan eru teknar upp á barnaráðsfundi.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er mikilvægur hluti af daglegu starfi í Drekaheimum og á sér stað bæði í gegnum óformleg samtöl í lok dags þegar foreldrar sækja börnin sín en einnig í gegnum tölvupóst, símtöl og lokaðri Facebook síðu Drekaheima. Þar eru settar inn upplýsingar um daglegt starf og viðburði svo sem starfsdaga og skerta daga. Mikilvægt er að láta vita af öllum breytingum á vistun barnanna, hvort sem það er breyting á heimferð, breyting á tómstundastarfi, barn fer heim með öðru barni o.s.frv. Það þarf að senda póst á drekaheimar@kopavogur.is fyrir kl. 13:00 svo allar upplýsingar komist örugglega til skila.

Öryggi og verkferlar

Öryggi og verkferlar eru mikilvægir í daglegu starfi með börnum í Drekaheimum. Öllum starfsmönnum eru kynntir verkferlar reglulega og þeir yfirfarnir árlega. Í Drekaheimum hangir stórt veggspjald með upplýsingum um öryggisferlana sem starfsmenn geta skoðað hvenær sem er. Hægt er að kynna sér öryggis- og verkferlana á eftirfarandi slóð:

https://smaraskoli.is/wp-content/uploads/sites/11/2021/11/Oryggisferlar_fristund.pdf

Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna

Innskráning barna fer fram í skóla þegar skóladegi þeirra lýkur kl 13:30. Útskráning barna er í höndum starfsmanns sem sér um útskráningu í hverjum árgangi fyrir sig. Sá starfsmaður heldur utan um allar skráningar og aðstoðar foreldra við finna barn sitt þegar það er sótt og sér um að senda börn í tómstundir og heim.

Barn mætir ekki

Ef barn mætir ekki er talað við ritara, kennara og/eða stuðningsfulltrúa í bekk barnsins til að athuga hvort að skýring sé að fjarveru þess. Ef engin skýring fæst er haft samband við foreldra og leit hafin. Mikið er lagt upp úr öryggi barnanna og unnið er eftir öryggisverkferlum í daglegu starfi.

Barn týnist

Ef barn týnist í Drekaheimum er hafin leit og gengið úr skugga um hvort barnið sé ennþá í skólabyggingunni eða á skólalóð. Starfsfólk frístundar skiptir liði við leitina.

Ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra og athugað hvort barnið hafi farið heim, til fjölskyldumeðlims eða til vinar. Ef það skilar ekki árangri er hringt í lögreglu í samráði við foreldra.

Á ferð með börnin

Ferðir með börnum eru ekki hluti af daglegu starfi í Drekaheimum heldur eru það sérstakir viðburðir sem geta átt sér stað. Öll börn eru klædd í gul endurskinsvesti eða öll með eins buff. Börnin ganga í röð með einum starfsmanni fyrir framan hópinn og öðrum fyrir aftan. Aðrir starfsmenn eru staðsettir við hliðina á röðinni. Þegar komið er í öruggt umhverfi mega börn hreyfa sig frjálst. Þegar gengið er yfir götu, skulu starfsmenn gæta þess að öll börnin

nái að ganga yfir á sama tíma. Einungis er farið yfir götu á merktum gangbrautum og þurfa starfsmenn að gæta þess að börnin séu sýnileg ökumönnum.

Tómstundavagninn

Starfsfólk Drekaheima sendir börn í rútur á æfingar, óski foreldrar eftir því inn í umsókn barns síns. Ekki er nóg að barnið eitt viti að það eigi að taka rútú. Allar rútur stoppa við Smáraskóla og hefur starfsmaður það hlutverk að senda börn í rútú og passa að öll börn fari í rútuna sem eiga að fara. Ef barn missir af rútunni er hringt um leið í foreldra og fundin lausn í samráði við þá.

Alvarleg slys

Hringt er á sjúkrabíl ef um alvarleg slys er að ræða. Mikilvægt er að einn starfsmaður sinni barninu og annar hefur samskipti við neyðarlínuna. Annað starfsfólk hlúir að og heldur ró hjá hinum börnunum.

Smávægilegir áverkar

Minniháttar meiðsl, svo sem lítil sár eru yfirleitt meðhöndluð með því að hreinsa sár og setja plástur. Þegar um stærri óhöpp er að ræða, stór sár eða starfsmaðurinn er óöruggur um alvarleika óhapps er barnið sent til skólahjúkrunarfræðings sem ákveður hvað best er að gera. Ef skólahjúkrunarfræðingur er ekki við, er hringt í foreldra og næstu skref tekin í samráði við þá.

Rýmingaráætlun

Þegar brunabjallan hringir fylgja börn sem eru í Drekaheimum sömu reglunum og gilda í skólanum. Sjá rýmingaráætlun Smáraskóla hér: https://www.smaraskoli.is/wp-content/uploads/sites/11/2020/05/Ryming_Smaraskola.pdf

Hér má sjá mynd af öryggisferlum frístunda í Kópavogi

ÖRYGGISFERLAR

frístunda Kópavogsbæjar

- Veikindi og forföll á að tilkynna til skólaritara og forstöðumenn fara yfir skráningar dagsins í Mentor.
- Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við forstöðumann ef aðstæður breytast hjá barninu.
- Alltaf þarf að hringja fyrir kl. 12.30.

BARN MÆTIR EKKI - BARN TÝNIST

- Talað við kennara og/ella stuðningsfulltrúa í hekk barnsins.
- Ef barnið finnst er rætt við það um mikilvægi þess að mæta tímanlega og skrá sig inn, láta foreldra vita í lok dags.

BARN FINNST EKKI

- Ef barnið finnst ekki þá er hringt í foreldri og athugað hvort barnið hafi farið heim eða verið sótt.
- Leit endurtekin og einnig leitað í nálegð við skólann í samstarfi við forstöðumenn.
- Haft samband við forstöðumenn hekkjarfélags og athugað hvort barn hafi farið heim með vini.

HAFT SAMBAND VIÐ LÖGREGLU

- Ef ekki gengur að finna barnið þá skal haft samband við lögreglu í samráði við forstöðumenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið sjá sig).

SMÁVEGILEGIR ÁVERKAR

- Smávægilega áverka má skilgreina sem óþapp sem ekki þarf að leita til lækis, t.d. skrámur, maríettur, blóðavör, skurðir og skietur.
- Gert er að áverkum með búiðni úr sjúkrakassa á staðnum.
- Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forstöðumenn.

ALVARLEGIR ÁVERKAR

- Alvarlega áverka má skilgreina sem óþapp þar sem leita þarf til lækis, s.s. alvarleg brúsnar, beinbrut, andlitsáverka, toggnar, þungu höfuðhögg, bakáverka og grunur um innveris meiðsl.
- Gera þarf að sárum með búiðni úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálpu.
- Starfsfólk skiptir með sér verkum og sér til þess að sanna öðrum börnum.
- Ef áverka eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt í 112 og barni fylgt á sjúkadeild.
- Haft er samband við forstöðumenn.
- Starfsmönnum frístunda ber að sækja skyndihjálpmanskið annað hvert ár.

HÖFUÐHÖGG

- Fái barn högg á höfuðið skal alltaf hafa samband við foreldra/forstöðumenn.
- Hafa skal í huga að heiluhristingur kemur ekki í ljós fyrir en eftir nokkra klukkutíma.
- Gera skal skjólu um slýsið.

SJÚKDÓMAR/OFNEMI

- Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á aðrenslingsena eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

FERÐ UNDIRBÚIN

- Bakpok með sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/ aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma.
- Ef ná þarf sambandi við forstöðumenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer.
- Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka.
- Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn.
- Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

STRÆTÓFERÐIR

- Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn.
- Kynna sér vel tímaáætlun strætó.
- Hákla skal skipulagðri röð í strætókyli og þegar gengið er inn og út úr strætó.
- Starfsmenn hafa stöðni á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu nálegð umferð.
- Telja skal börnin inn í strætó og sjóna strætókort.
- Börnunum komið fyrir í sætum (því börn í tveimur sætum ef þarf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu.
- Einn starfsmaður er við hverja útgönguþyr til að passa að börnin fari ekki út á viltumum stað.
- Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefin til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó.
- Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrir en vagninn er farinn.
- Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

FARIÐ Í ÍÞRÓTTARÚTU

- Starfsmenn frístunda sjá til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu.
- Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætum sínum, spenni öryggishetti o.þ.

ALMENNINGSGARÐAR

- Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálegð hekkstöðinni til öryggis.
- Reglur sem gilda um staðinn útskrjóðar og dagskráin kynnt.
- Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

HEIMSÓKNIR Í FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

- Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins.
- Starfsmaður fer yfir reglur varbandi heimsóknina og almenningarungagnisreglur.
- Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.



Kópavogsbær

Síðdegishressing

Markmið Drekaheima er að bjóða upp á fjölbreytt og gott matarræði, t.d ýmis brauðmeti, hrökkbrauð, flatkökur, álegg og jógúrt. Úrvalið er breytilegt eftir dögum og er alltaf í boði vatn ásamt grænmeti og ávöxtum. Annað slagið er sparikaffi og er þá boðið upp á ýmiskonar bakkelsi.

Dæmi um matseðil:

Matseðill vikuna 28.september - 2. október				
Mánudagur	Þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	Föstudagur
Sarek brauð með skinkumyrju og skinku / brauð með osti	Hrökkbrauð með osti og brauð með spægipyslu	Brauð með mysing og kex	Kanilsnúðar	Drykkjarjógúrt og banani
Alltaf er boðið upp á mjólk, vatn, ávextir og grænmeti				
Matseðill vikuna 5. - 9. október				
Mánudagur	Þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	Föstudagur
Brauð með kæfu og polar brauð með osti	Polar brauð með gúrku og hrökkbrauð með skinku	Flatkökur með hangikjöti og brauð með osti	Snúðar	Jógúrt með cheeriosi
Alltaf er boðið upp á mjólk, vatn, ávextir og grænmeti				
Matseðill 12.- 16. október				
Mánudagur	Þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	Föstudagur
Brauð með spægipyslu og rúgbrauð með osti	Sarek brauð með skinku, og hrökkbrauð með osti	Kleinur	Polar brauð með mysing og brauð með skinku og osti	Skyr
Alltaf er boðið upp á mjólk, vatn, ávextir og grænmeti				

Innra mat

Tryggja ber að starfsemi frístundar sé í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stefnumótun um frístundir. Ávallt er unnið að því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum. Mikilvægur liður í því er að veita góðar upplýsingar um starfsemina til foreldra, starfsfólks skóla og bæjaryfirvalda.

Hver frístund mótar kerfisbundið innra mat á árangri og gæði starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt er að börnin, foreldrar og starfsfólk taki þátt í að meta starfið, eftir því sem við á. Í vetur verður lögð fram foreldrakönnun ásamt könnun fyrir þátttakendur í frístund og frístundaleiðbeinendur. Niðurstöður kannanna fara forstöðumenn yfir og vinna umbótaáætlun útfrá niðurstöðum. Innra mat er umbótamiðað og birtist á heimasvæði skólans.

Umbótaáætlun

Markmiðið er halda áfram að þróa innihaldsríkt frístundastarf og gera börnum kleift að taka áfram virkan þátt í að hafa áhrif á starfið í Drekaheimum. Við viljum gera enn betur í samskiptum við foreldra, bæði með óformlegum samtölum í lok dags og með formlegum upplýsingum í gegnum tölvupóst og lokaðri Facebook síðu Drekaheima um daglegt starf í Drekaheimum.

Símenntunaráætlun

Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir starfsfólk og stjórnendur frístundar. Eins og áður sagði fær starfsfólk frístundar tvo skipulagsdaga á skólaárinu, einn á hvorri önn og eru þeir skipulagðir af forstöðumönnum frístundar og skólastjórum til símenntunar og annarra verkefna. Á okkar sameiginlega starfsdegi 15. nóvember er áformað að vera með fræðslu/vinnu sem tengist innleiðingu Uppbyggingarstefnunnar. Þann 12. mars er stefnt að því að halda skyndihjálpanámskeið fyrir starfsfólk Drekaheima.

Starfsmenn Drekaheima



Ási
Forstöðumaður



Hafdis
Aðstoðarforstöðukona

1. bekkur



Elin Helena



Bjartur




Kristín



Kristján

2. bekkur



Hafrún Rakel



Eleni Fatourou



Birna




Regína



Viktor Elmar

3. & 4. bekkur



Íris María



Árni Fannar



Þórhildur

Frístundadagatal Drekaheima 2023 - 2024

Ágúst	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 M	8 M	8 M	8 L
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 L	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S	31 F		

Útskýringar á frístundadagatali:
Bleikur dagur er lögbundinn frídagur. Rauður dagur er skipulagsdagur starfsfólks Drekaheima eða vetrarfrí og engin starfsemi. Blár dagur skipulagsdagur kennara og þá er lengd viðvera í Drekaheimum, opið frá kl.8:00-17:00
Frístundadagatal þetta er gert með fyrirvara um breytingar. Allar breytingar á dagatalinu verða tilkynntar með tölvupósti og á heimasíðu Smáraskóla.

Útskýringar á frístundardagatali:

Bleikir dagar eru lögbundnir frídagar.

Rauðir dagar er skipulagsdagur starfsfólks Drekaheima eða vetrarfrí og engin starfsemi.

Bláir dagar eru skipulagsdagur kennara, jólafrí og páskafrí. Þá daga er lengd viðvera í Drekaheimum og er opið frá kl.8:00-17:00.

Frístundadagatal þetta er gert með fyrirvara um breytingar. Allar breytingar á dagatalinu verða tilkynntar með tölvupósti og á heimasíðu Smáraskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026